

Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2010

Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2010

Samantekt

Á hverju hausti safnar Hagstofa Íslands upplýsingum um nemendur í framhaldsskólum og háskólum á Íslandi. Birtar eru tölur um skráða nemendur í skólum eftir kyni, kennsluformi, námsbrautum og stöðu í námi. Haustið 2010 voru skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi 47.240. Í framhaldsskóla voru skráðir 27.351 nemendur og 19.889 nemendur í háskóla. Skráðum nemendum í skólum fækkaði um 3,1% frá fyrra ári en það er í fyrsta skipti sem nemendum fækkar milli ára síðan Hagstofa Íslands hóf að birta tölur um skráða nemendur haustið 1997. Fækkun nemenda milli ára var öll á framhaldsskólastigi en þar fækkaði skráðum nemendum um 7,9%. Nokkur fjölgun var hins vegar á háskólastigi eða um 4,3%. Fækkun nemenda skýrist fyrst og fremst af samdrætti í fjarnámi og öldungadeildum á framhaldsskólastigi. Þá fækkaði nemendum grunnskóla sem sóttu nám í framhaldsskólum umtalsvert. Konur voru 55,7% allra skráðra nemenda; 51,9% skráðra nemenda á framhaldsskólastigi og 62,3% skráðra nemenda á háskólastigi. Flestir nemendur voru skráðir í bóklegt nám. Á framhaldsskólastigi voru 66,5% nemenda skráðir í bóklegt nám og á háskólastigi voru 97,9% nemenda skráðir í fræðilegt nám. Doktorsnemum fjölgaði um 168 frá fyrra ári og voru 482 í námi á 47 fræðasviðum.

Inngangur

Gögn fengin frá skólum

Hagstofa Íslands hefur tekið saman yfirlit yfir fjölda skráðra nemenda í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum á Íslandi haustið 2010. Upplýsingum var safnað frá skólunum og úr miðlægu nemendaskrárkerfi framhaldsskólanna, INNU. Gagnasöfnunin miðast við fjölda nemenda um miðjan október 2010. Óskað var eftir upplýsingum um alla nemendur skólanna þar sem tilgreint væri kennsluform, staða nemenda í námi, umfang náms og námsbraut. Í tónlistarskólum, myndlistarskólum og listdansskólum eru eingöngu taldir nemendur sem eru skráðir í nám á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Í þessu riti má sjá fjölda nemenda í einstökum skólum eftir kyni og námsbrautum. Einnig er tekið fram hvort um kennslu í dagskóla, kvöldskóla eða nemendur í fjarnámi er að ræða. Loks er sýnd námsstaða nemenda í hverjum skóla fyrir sig. Ritið sýnir fjölda skráðra nemenda á haustmisseri. Þær tölur sem hér eru birtar eru ekki að öllu leyti sambærilegar við endanlegar tölur úr nemendaskrá Hagstofu Íslands. Í tölum um skráða nemendur eru nemendur sem stunda nám í tveimur skólum, í bæði dagskóla og kvöldskóla eða á tveimur námsbrautum, tvítaldir. Í endanlegum tölum nemendaskrár Hagstofunnar er hver nemandi hins vegar aðeins talinn einu sinni. Endanlegar tölur verða tiltækar á vordögum 2011 og eru birtar í hagtöluárbók Hagstofu Íslands, *Landshögum*, og á heimasíðu Hagstofunnar.



Tvítalningar í gögnum

Á haustmisseri 2010 eru tvítalningar í gagnasafninu 5,0% en voru 5,8% haustið 2009. Tvítalningar í gögnunum koma fram ef nemendur eru skráðir í fleiri en einn skóla, á fleiri en einni námsleið eða stunda nám með mismunandi hætti. Margir nemendur sem skráðir eru sem fjarnámsnemendur eru jafnframt skráðir í dagskólánám. Þá eru nemendur í listaskólum oft jafnframt skráðir í nám í framhaldsskólum.


Rúmlega 47 þúsund nemendur eru skráðir í framhalds- og háskóla

Nemendum fækkar um 3,1%

Haustið 2010 voru alls 47.240 nemendur skráðir til náms í framhaldsskólum og háskólum hér á landi, sem er fækkun um 1.528 nemendur frá fyrra ári. Skráðum nemendum í skólum á framhaldsskólástigi og á háskólástigi fækkar í fyrsta skipti frá því að Hagstofa Íslands hóf að birta tölur um skráða nemendur haustið 1997 (tafla 2). Í framhaldsskóla voru skráðir 27.351 nemendur og 19.889 nemendur í háskóla. Nemendum í framhaldsskólum hefur fækkað um 2.344 eða 7,9% frá síðasta ári. Í háskólum fjölgaði um 816 nemendur, eða um 4,3% (mynd 1). Fækkun nemenda á milli árunna 2009 og 2010 skýrist því af fækkun nemenda í framhaldsskólum en nemendum í háskólum heldur áfram að fjölga.

Mynd 1. Skráðir nemendur á framhalds- og háskólástigi 2001–2010

Figure 1. *Regist. students in schools at upper secondary and tertiary level 2001–2010*



Grunnskólanemendum í framhaldsskólum fækkar


Fjöldi grunnskólanema í framhaldsskólum er fjórðungur þess sem var haustið 2008

Hagstofan hefur kannað fjölda grunnskólanema í framhaldsskólum frá haustinu 2006 (mynd 2). Á þessu tímabili fjölgaði grunnskólanemendum í framhaldsskólum á árunum 2006–2008 en hefur fækkað síðan. Grunnskólanemendum í framhaldsskólum fækkaði um 25,3% á milli árunna 2008 og 2009 og á milli árunna 2009 og 2010 fækkaði þeim enn frekar eða um 64,2%. Grunnskólanemendur í framhaldsskólum eru 390, 178 piltar og 212 stúlkur, sem er um fjórðungur þess sem var haustið 2008 þegar þeir voru flestir. Þá voru þeir 1.460 og voru 5,0% skráðra nemenda í framhaldsskólum en eru 1,4% af skráðum nemendum haustið 2010. Stærstur hluti þessara nemenda er þó aðeins skráður í fáar námseiningar. Þannig voru þrjú af hverjum fjórum (75,4%) grunnskólanemendum í framhaldsskólum haustið 2010 skráðir í aðeins einn námsáfangi. Ætla má að niðurskurður til kennslu grunnskólanemenda í framhaldsskólum sé helsta ástæðan fyrir fækkuninni.

Á hinn bóginn eru 76 nemendur á grunnskólaaldri, þ.e. yngri en 16 ára, skráðir fullgildir nemendur framhaldsskóla og því á undan jafnöldrum sínum í námi.

Mynd 2. Grunnskólanemendur í framhaldsskólum 2006–2010

Figure 2. Elementary school pupils in upper secondary schools 2006–2010



Fækkun fjarnámsnema í háskólum um tæp 40%

Fækkun fjarnámsnemenda í háskólum í fyrsta skipti frá 2006


Nemendum í fjarnámi fjölgaði umtalsvert til haustsins 2009, þegar 8.700 nemendur voru skráðir í fjarnám (mynd 3). Fjölgun fjarnámsnema á milli árunna 2008 og 2009 átti sér þó eingöngu stað í háskólum en fjarnámsnemendum í framhaldsskólum fækkaði í fyrsta skipti frá 1997. Haustið 2010 fækkar fjarnámsnemendum líka í háskólum og samdráttur á báðum skólastigum nemur 25,7% frá fyrra ári. Haustið 2009 voru skráðir fjarnámsnemar í háskólum 3.980 en ári síðar eru þeir 2.493. Fjarnámsnemum í háskólum hefur því fækkað um 1.487 eða 37,4%, sem er alger viðsnúningur frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Haustið 2010 stunduðu 1.180 nemendur nám í kvöldskólum á landinu og hefur þeim fækkað um 988 frá fyrra ári eða sem nemur 45,6%. Kvöldskólanemendum hefur fækkað um 1.953 frá árinu 2003 þegar voru þeir flestir, 3.133 talsins.

Árið 2009 stunduðu 77,7% nemenda í framhaldsskólum og háskólum nám í dagskólum, hlutfall kvöldskólanemenda var 4,4% skráðra nemenda en hlutfall fjarnámsnemenda hafði aldrei verið hærra eða 17,8% af öllum skráðum nemendum. Haustið 2010 er hlutfall dagskólanemenda komið upp í 83,8% og hefur ekki verið hærra síðan 2001. Hlutfall kvöldskólanemenda (öldungadeildarnema) er komið niður í 2,5% og hefur ekki verið lægra síðan skráning hófst haustið 1997. Hlutfall nemenda í fjarnámi af öllum skráðum nemendum er 13,7% haustið 2010 en það er fækkun um sem nemur 4,1 prósentustigi frá fyrra ári.

Mynd 3. Nemendur í framhalds- og háskólum eftir kennsluformi 2001–2010

Figure 3. Students at upper secondary and tertiary level by mode of teaching 2001–2010



Konur eru meirihluti nemenda á öllum skólastigum nema viðbótarstigi

Nemendur eru skráðir á 275 námsbrautir haustið 2010

Konur eru umtalsvert fleiri en karlar meðal skráðra nemenda eða 5.396 fleiri. Alls stunda 26.318 konur nám í framhaldsskólum og háskólum á móti 20.922 körlum. Konur eru 55,7% nemenda á öllum skólastigum ofan grunnskóla en hlutur karla er 44,3%. Körlum hefur fjölgað hlutfallslega þar sem konum hefur fækkað meira en körlum í nemendahópnum en karlar voru 43,5% nemenda haustið 2009. Þegar skipting kynja er skoðuð eftir skólastigum samkvæmt íslensku menntunarflokkuninni ÍSNÁM2008 eru konur 51,9% nemenda á framhaldsskólastigi, 34,6% nemenda á viðbótarstigi, 62,3% nemenda á háskólastigi og 58,3% nemenda á doktorsstigi.

Það vekur athygli að einungis á viðbótarstigi eru konur færri en karlar meðal nemenda. Viðbótarstig er á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs en á þessu stigi má finna margvíslegt starfsnám, s.s. meistaranám löggiltra iðngreina, iðnfræði, leiðsögunám, ferðafræðinám, 4. stig vélstjórnar og margmiðlun. Konur hafa heldur sótt í sig veðrið frá fyrra ári hvað nám á viðbótarstigi varðar því á haustmisseri 2009 voru þær 29,3% nemenda á þessu stigi.

Haustið 2010 eru nemendur skráðir til náms á 275 námsbrautir. Konur eru fleiri en karlar á 165 eða 60,0% námsbrautanna. Námsval er talsvert tengt kyni. Á 100 námsbrautum eru konur a.m.k. þrjár af hverjum fjórum skráðum nemendum. Á 19 námsbrautum eru aðeins skráðir karlmenn en þar á meðal eru brautir eins og rafíðnfræði, véliðnfræði, múraraiðn, mekatróník, netagerð og stálskipasmíði. Í pípulagnir eru skráðir 90 nemendur og þar af er ein kona. Námsbrautir þar sem eingöngu eru skráðar konur eru 21 en það eru brautir eins og braut hjúkrunar- og móttökuritara, braut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum, tanntæknabraut, lækna-ritarabraut, ljósmóðurfræði, kjólasaumur, talmeinafræði, fóttaðgerðafræði og öldrunarfræði.


Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði er vinsælasta námssviðið á háskóla- og doktorsstigi

Nemendur í viðskiptafræði og lögfræði eru álíka margir og fyrir ári síðan

Á háskóla- og doktorsstigi eru nemendur flestir í félagsvísindum, viðskiptum og lögfræði (mynd 4). Tæplega 7.000 nemendur stunda nám á þessu sviði eða 36,2% nemenda. Þar á eftir koma sviðin hugvísindi og listir, menntun og heilbrigði og velferð en á hvert þessara sviða eru skráðir hátt á þriðja þúsund nemendur, 13–15% nemenda á háskóla- og doktorsstigi. Konur eru fleiri en karlar á flestum sviðum menntunar en eru í minnihluta á sviði raunvísinda, stærðfræði og tölvunarfræði sem og í verkfræði, framleiðslu og mannvirkjagerð (tafla 4).

Mynd 4. Nemendur á háskóla- og doktorsstigi eftir almennum sviðum náms og kyni haustið 2010

Figure 4. Registered students at the tertiary level by broad fields of study and sex in autumn 2010



Notes: (1) Social sciences, business and law; (2) Humanities and arts; (3) Education; (4) Health and welfare; (5) Engineering, manufacturing and construction; (6) Sciences, mathematics and computing; (7) Service; (8) Agriculture and veterinary.

Ef einstakar námsbrautir á háskólastigi og doktorsstigi eru skoðaðar eru flestir nemendur skráðir á svið viðskiptafræða en þar eru skráðir 2.452, þar af 54,4% konur. Næst fjölmennasta námssviðið á háskólastigi er lögfræði en þar eru skráðir til náms 1.387, þar af 53,2% konur. Fjöldi nemenda í viðskipta- og lögfræði er svipaður og fyrir ári þótt nemendum hafi örlítið fækkað í þessum greinum. Viðskiptagreinar og lögfræði eru einu námsbrautirnar á háskólastigi þar sem fjöldi nemenda nær einu þúsundi. Nemendur í sálfræði nálgast þúsundið en þar eru skráðir til náms 845 nemendur, þar af 71,6% konur. Í grunnskólakennarafræðum eru 816 skráðir nemendur og í hjúkrunarfræði er skráður 761 nemandi. Konur eru áberandi meðal nemenda í þessum greinum en þær eru 97,9% nemenda í hjúkrunarfræðum, 85,9% nemenda í grunnskólakennarafræðum og 71,6% sálfræðinema.

Flestir nemendur á framhaldsskólastigi eru skráðir í náttúrufræðibraut til stúdentsprófs

Náttúrufræðibraut til stúdentsprófs er fjölmennasta námsbrautin

Fjölmennasta einstaka námsbrautin er náttúrufræðibraut til stúdentsprófs á framhaldsskólastigi. Á þessa námsbraut eru skráðir 5.294 nemendur; 50,7% eru karlar og 49,3% konur. Næst fjölmennasta námsbrautin er félagsfræðabraut til stúdentsprófs en þar eru skráðir til náms 5.233 nemendur, 40,9% karlar og 59,1% konur. Þar næst kemur almenn námsbraut í framhaldsskólum en þar eru skráðir til náms 4.335 nemendur, 46,2% karlar og 53,8% konur. Þessar þrjár námsbrautir eru langfjölmennustu námsbrautirnar í íslenskum skólum ofan grunnskóla.

Flestir nemendur velja almennt nám á framhaldsskólastigi og fræðilegt nám á háskólastigi

Tveir af hverjum þremur á framhaldsskólastigi velja almennt nám

Í almennt nám á framhaldsskólastigi (ÍSNÁM 3AG og 3CG) eru skráðir 17.938 nemendur en í starfsnám (ÍSNÁM 3BP, 3CP, 3CV og 3AV) eru skráðir 9.044 nemendur. Miðað við ÍSNÁM2008 flokkunarkerfið eru því 66,5% nemenda á framhaldsskólastigi skráðir í almennt nám en 33,5% nemenda skráðir í einhvers konar starfsnám (tafla 5). Á viðbótarstigi eru hins vegar allir nemendurnir 1.075 skráðir í nám sem flokkast sem starfsnám (ÍSNÁM 4CV).

Á háskólastigi eru 97,9% nemenda skráðir í fræðilegt háskólanám (ÍSNÁM 5A) en 2,1% í starfsmiðað háskólanám (ÍSNÁM 5B). Konur eru 62,6% nemenda í fræðilegu háskólanámi en 47,4% nemenda sem skráðir eru í starfsmiðað háskólanám.

Þegar litið er á námsgráðu sem háskólanámið veitir leggja flestir nemendur á háskólastigi stund á nám til Bachelorgráðu, tæplega 12.700 nemendur. Um 700 nemendur vinna að viðbótardiplóma að lokinni Bachelorgráðu. Nemendur sem stunda nám til meistara-gráðu eru 4.352 og eru konur tvær af hverjum þremur nemendum á þessu stigi (66,2%). Nemendum í námi til meistara-gráðu hefur fjölgað hratt undanfarin ár.

Flestir doktorsnemar í uppeldis- og menntunarfræðum

Í doktorsnám eru skráðir 482 nemendur, 201 karl og 281 kona (tafla 1). Doktorsnemum á landinu hefur fjölgað um 168, eða 53,5% frá síðastliðnu ári. Flestir doktorsnemar leggja stund á nám í uppeldis- og menntunarfræðum eða 68; 19 karlar og 49 konur. Næst fjölmennasta námsleiðin til doktorsprófs er líffræði, þar eru 21 karlar og 22 konur skráð til náms. Þriðja fjölmennasta námsleið í doktorsnámi er heilbrigðisvísindi með 31 doktorsnema, 12 karla og 19 konur. Aðrar námsleiðir eru fámennari en alls skiptast doktorsnemar á 47 greinar.

Tafla 1. Nemendur á háskóla- og doktorsstigi eftir námsgráðu haustið 2010
Table 1. Students at the tertiary level by degree in autumn 2010

| | Alls <i>Total</i> | Karlar <i>Males</i> | Konur <i>Females</i> |
|---|----------------------|------------------------|-------------------------|
| Alls Total | 19.183 | 7.247 | 11.936 |
| Grunndiplóma <i>Undergraduate diploma</i> | 549 | 272 | 277 |
| Bachelorgráða <i>Bachelor's degree</i> | 12.699 | 5.015 | 7.684 |
| Viðbótardiplóma <i>Postgraduate diploma</i> | 701 | 155 | 546 |
| Kandidatsgráða <i>Candidatus degree</i> | 400 | 134 | 266 |
| Meistaragráða <i>Master's degree</i> | 4.352 | 1.470 | 2.882 |
| Doktorsgráða <i>Ph.D. degree</i> | 482 | 201 | 281 |

Skýringar á hugtökum úr ÍSNÁM2008

Íslenska náms og menntunarflokkunin ÍSNÁM2008 er byggð á alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97. Flokkunin byggist á námsleið og er tvískipt. Annars vegar er nám flokkað á stig og hins vegar á svið.

Námsstigun eru sjö, frá 0 til 6.

0. Leikskólastig tekur fyrst og fremst til náms í leikskóla frá þriggja ára aldri.

1. Barnaskólastig nær yfir nám í 1.–7. bekk grunnskóla eða samsvarandi nám.

2. Unglingastig nær yfir nám í 8.–10. bekk grunnskóla eða samsvarandi nám.

3. Framhaldsskólastig vísar til náms í framhaldskóla og viðlíka náms.

4. Viðbótarstig tekur til náms sem byggir ofan á nám á framhaldsskólastigi en er ekki á háskólastigi.

5. Háskólastig nær yfir háskólanám að doktorsnámi undanskildu.

6. Doktorsstig vísar til doktorsnáms.

Á námsstigum 2–5 er nám greint á grundvelli vídda sem segja m.a. til um stefnu náms og áherslu náms.

Stefna náms segir til um hvert námið leiðir, þ.e. til starfa á vinnumarkaði eða til frekara náms á tilteknu stigi.

A er nám sem stefnir að fræðilegu námi á hærri stigi.

B er nám sem leiðir til starfsnáms á hærri stigi.

C er nám sem leiðir beint út á vinnumarkaðinn eða til frekara náms á sama stigi.

Áhersla náms vísar til þess hvort um almennt nám eða starfsnám er að ræða.

Alm. bóknám er yfirleitt táknað með G. Þetta er nám þar sem ekki er gert ráð fyrir sérþjálfun til tiltekinna starfa né til undirbúnings fyrir starfsnám. Miðað er við að minna en fjórðungur námsins sé starfsnám.

For–starfsnám er yfirleitt táknað með P og er nám sem miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki starfsréttindi á vinnumarkaði og er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta.

Starfsnám er yfirleitt táknað með V og er nám sem undirbýr nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði til að vinna tiltekin störf. Lokapróf á þessu stigi veitir yfirleitt tiltekin starfsréttindi á vinnumarkaði.

Nám á háskólastigi er flokkað eftir því hvort um fræðilegt háskólanám eða starfsmiðað háskólanám er að ræða.

5A er fræðilegt háskólanám, sem leiðir áfram til doktorsnáms.

5B er starfsmiðað háskólanám, sem miðar að starfi á vinnumarkaði að loknu námi.

Námsleiðir eru flokkaðar niður á svið náms. Í grófustu flokkuninni er nám flokkað á 9 almenn svið (eins stafs flokkun). Nám má greina finna niður á 25 afmörkuð svið (tveggja stafa flokkun), um 90 einstök svið (þriggja stafa flokkun) eða niður á einstakar námsbrautir (fjögurra stafa flokkun).

Tafla 2. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2004–2010 — lykiltölur

Table 2. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2004–2010 — key data

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | Mismunur frá 2009 <i>Difference</i> <i>from 2009</i> | Breyting, % frá 2009 <i>Change, %</i> <i>from 2009</i> |
|---|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|---|---|
| Skráðir nemendur alls | | | | | | | | | |
| <i>Total number of students</i> | 40.497 | 42.200 | 44.129 | 46.004 | 47.308 | 48.768 | 47.240 | -1.528 | -3,1 |
| Skólastig <i>School level</i> | | | | | | | | | |
| Framhaldsskólastig <i>Upper secondary level</i> | 24.220 | 25.093 | 26.958 | 28.314 | 29.266 | 29.695 | 27.351 | -2.344 | -7,9 |
| Háskólastig <i>Tertiary level</i> | 16.277 | 17.107 | 17.171 | 17.690 | 18.042 | 19.073 | 19.889 | 816 | 4,3 |
| Kennsluform <i>Mode of teaching</i> | | | | | | | | | |
| Dagskóli <i>Day courses</i> | 32.497 | 34.423 | 35.772 | 37.007 | 37.126 | 37.900 | 39.600 | 1.700 | 4,5 |
| Kvöldskóli <i>Evening courses</i> | 2.907 | 2.542 | 2.377 | 2.009 | 2.060 | 2.168 | 1.180 | -988 | -45,6 |
| Fjarnám <i>Distance learning</i> | 5.022 | 5.151 | 5.980 | 6.988 | 8.122 | 8.700 | 6.460 | -2.240 | -25,7 |
| Utanskóla <i>External learning</i> | 71 | 84 | – | – | – | – | – | – | – |
| Flokkar skóla og kennsluform | | | | | | | | | |
| <i>Type of schools and mode of teaching</i> | | | | | | | | | |
| Menntaskólar <i>Grammar schools</i> | 5.759 | 5.966 | 6.545 | 6.723 | 6.780 | 7.127 | 6.578 | -549 | -7,7 |
| Dagskóli <i>Day courses</i> | 5.250 | 5.425 | 5.624 | 5.728 | 5.819 | 6.028 | 6.015 | -13 | -0,2 |
| Kvöldskóli <i>Evening courses</i> | 474 | 310 | 278 | 232 | 168 | 221 | 258 | 37 | 16,7 |
| Fjarnám <i>Distance learning</i> | 24 | 230 | 643 | 763 | 793 | 878 | 305 | -573 | -65,3 |
| Utanskóla <i>External learning</i> | 11 | 1 | – | – | – | – | – | – | – |
| Fjölbautaskólar <i>Comprehensive schools</i> | 17.397 | 18.038 | 19.281 | 20.115 | 18.369 | 18.121 | 16.598 | -1.523 | -8,4 |
| Dagskóli <i>Day courses</i> | 13.166 | 13.605 | 14.522 | 15.081 | 13.667 | 14.021 | 13.399 | -622 | -4,4 |
| Kvöldskóli <i>Evening courses</i> | 1.979 | 2.006 | 1.861 | 1.684 | 1.163 | 981 | 496 | -485 | -49,4 |
| Fjarnám <i>Distance learning</i> | 2.192 | 2.344 | 2.898 | 3.350 | 3.539 | 3.119 | 2.703 | -416 | -13,3 |
| Utanskóla <i>External learning</i> | 60 | 83 | – | – | – | – | – | – | – |
| Sérskólar á framhaldsskólastigi | | | | | | | | | |
| <i>Specialised schools at upper secondary level</i> | 668 | 644 | 678 | 960 | 3.571 | 3.923 | 3.612 | -311 | -7,9 |
| Dagskóli <i>Day courses</i> | 596 | 624 | 636 | 774 | 2.549 | 2.736 | 2.666 | -70 | -2,6 |
| Kvöldskóli <i>Evening courses</i> | 17 | 20 | 42 | 59 | 572 | 531 | 125 | -406 | -76,5 |
| Fjarnám <i>Distance learning</i> | 55 | – | – | 127 | 450 | 656 | 821 | 165 | 25,2 |
| Utanskóla <i>External learning</i> | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Tónlistarskólar á framhaldsskólastigi | | | | | | | | | |
| <i>Music schools at upper secondary level</i> | 396 | 445 | 454 | 516 | 546 | 524 | 563 | 39 | 7,4 |
| Dagskóli <i>Day courses</i> | 396 | 445 | 454 | 516 | 546 | 524 | 563 | 39 | 7,4 |

Tafla 2. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2004–2010 — lykiltölur (frh.)
 Table 2. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2004–2010 — key data (cont.)

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | Mismunur frá 2009 <i>Difference from 2009</i> | Breyting, % frá 2009 <i>Change, % from 2009</i> |
|--|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|---|---|
| Sérskólar á háskólastigi <i>Specialised schools at tertiary level</i> | 248 | 257 | 288 | 279 | 273 | 343 | 384 | 41 | 12,0 |
| Dagskóli <i>Day courses</i> | 164 | 179 | 201 | 199 | 186 | 222 | 202 | -20 | -9,0 |
| Kvöldskóli <i>Evening courses</i> | 47 | 43 | 47 | 34 | 42 | 54 | 44 | -10 | -18,5 |
| Fjarnám <i>Distance learning</i> | 37 | 35 | 40 | 46 | 45 | 67 | 138 | 71 | 106,0 |
| Háskólar <i>Universities</i> | 16.029 | 16.850 | 16.883 | 17.411 | 17.769 | 18.730 | 19.505 | 775 | 4,1 |
| Dagskóli <i>Day courses</i> | 12.925 | 14.145 | 14.335 | 14.709 | 14.359 | 14.369 | 16.755 | 2.386 | 16,6 |
| Kvöldskóli <i>Evening courses</i> | 390 | 163 | 149 | – | 115 | 381 | 257 | -124 | -32,5 |
| Fjarnám <i>Distance learning</i> | 2.714 | 2.542 | 2.399 | 2.702 | 3.295 | 3.980 | 2.493 | -1.487 | -37,4 |

Skýringar *Notes:* Tölur um skráða nemendur eru ekki að öllu leyti sambærilegar við endanlegar tölur úr nemendaskrá Hagstofu Íslands. Í þessum tölum eru nemendur sem stunda nám í tveimur skólum, í bæði dagskóla og kvöldskóla eða á tveimur námsbrautum tvítaldir en í nemendaskrá Hagstofunnar er hver nemandi aðeins talinn einu sinni. Á framhaldsskólastigi starfa menntaskólar, fjölbrautaskólar, (þ.m.t. framhaldsskólar, verkmenntaskólar og iðnskólar) og sérskólar. Sérskólar sem starfa aðallega á framhaldsskólastigi eru t.d. húsmæðraskólar og listdansskólar. Meðal sérskóla sem starfa aðallega á háskólastigi eru listaskólar. *These figures depict registered students. They are not fully comparable with final data from the Statistics Iceland student register since these data include double counts of students who study in two schools, both in day courses and in evening courses or in two lines of study.*

Tafla 3. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2010 eftir skólum, kyni og kennsluformi
 Table 3. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2010 by school, sex and mode of teaching

| | Alls <i>Total</i> | Karlar <i>Males</i> | Konur <i>Females</i> | Dag- skóli <i>Day courses</i> | Kvöld- skóli <i>Evening courses</i> | Fjar- nám <i>Distance learning</i> |
|--|----------------------|------------------------|-------------------------|---|---|--|
| Fjölbrotaskólar <i>Comprehensive schools</i> | 16.598 | 8.113 | 8.485 | 13.399 | 496 | 2.703 |
| Borgarholtsskóli | 1.435 | 864 | 571 | 1.252 | 47 | 136 |
| Fjölbrotaskóli Norðurlands vestra | 410 | 226 | 184 | 410 | – | – |
| Fjölbrotaskóli Snæfellinga | 211 | 105 | 106 | 211 | – | – |
| Fjölbrotaskóli Suðurlands | 988 | 517 | 471 | 988 | – | – |
| Fjölbrotaskóli Suðurnesja | 1.183 | 617 | 566 | 1.183 | – | – |
| Fjölbrotaskóli Vesturlands | 544 | 313 | 231 | 544 | – | – |
| Fjölbrotaskólinn í Breiðholti | 1.885 | 900 | 985 | 1.517 | 368 | – |
| Fjölbrotaskólinn í Garðabæ | 898 | 388 | 510 | 751 | – | 147 |
| Fjölbrotaskólinn við Ármúla | 2.624 | 866 | 1.758 | 932 | – | 1.692 |
| Flensborgarskóli | 842 | 436 | 406 | 842 | – | – |
| Framhaldsskólinn á Húsavík | 153 | 58 | 95 | 153 | – | – |
| Framhaldsskólinn á Laugum | 124 | 64 | 60 | 124 | – | – |
| Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu | 239 | 137 | 102 | 205 | – | 34 |
| Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ | 147 | 81 | 66 | 147 | – | – |
| Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | 287 | 140 | 147 | 287 | – | – |
| Iðnskólinn í Hafnarfirði | 577 | 330 | 247 | 577 | – | – |
| Menntaskólinn á Egilsstöðum | 420 | 171 | 249 | 259 | – | 161 |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 302 | 151 | 151 | 302 | – | – |
| Menntaskólinn í Kópavogi | 1.286 | 703 | 583 | 1.132 | 68 | 86 |
| Menntaskólinn á Tröllaskaga | 68 | 28 | 40 | 68 | – | – |
| Verkmenntaskóli Austurlands | 280 | 147 | 133 | 267 | 13 | – |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | 1.695 | 871 | 824 | 1.248 | – | 447 |
| Menntaskólar <i>Grammar schools</i> | 6.578 | 2.801 | 3.777 | 6.015 | 258 | 305 |
| Kvennaskólinn í Reykjavík | 594 | 183 | 411 | 594 | – | – |
| Menntaskóli Borgarfjarðar | 156 | 76 | 80 | 156 | – | – |
| Menntaskólinn að Laugarvatni | 170 | 77 | 93 | 170 | – | – |
| Menntaskólinn á Akureyri | 748 | 308 | 440 | 748 | – | – |
| Menntaskólinn Hraðbraut | 198 | 79 | 119 | 198 | – | – |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 876 | 366 | 510 | 876 | – | – |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | 1.514 | 672 | 842 | 1.256 | 258 | – |
| Menntaskólinn við Sund | 799 | 403 | 396 | 799 | – | – |
| Verslunarskóli Íslands | 1.523 | 637 | 886 | 1.218 | – | 305 |
| Sérskólar með nám aðallega á framhaldsskólastigi | | | | | | |
| <i>Specialised schools at upper secondary level</i> | 3.612 | 2.086 | 1.526 | 2.666 | 125 | 821 |
| Danslistarskóli JSB | 67 | – | 67 | 67 | – | – |
| Heilsumeistaraskólinn | 51 | 2 | 49 | 51 | – | – |
| Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað | 23 | 1 | 22 | 23 | – | – |
| Hússtjórnarskólinn í Reykjavík | 24 | – | 24 | 24 | – | – |
| Keilir - Menntastofnun á Keflavíkurlflugvelli | 486 | 209 | 277 | 228 | – | 258 |
| Klassíski listdanskólinn | 17 | – | 17 | 17 | – | – |
| Kvikmyndaskóli Íslands | 144 | 94 | 50 | 144 | – | – |
| Listdanskóli Íslands | 46 | 4 | 42 | 46 | – | – |
| Mímir - símenntun | 101 | 4 | 97 | – | 101 | – |
| Myndlistarskólinn í Reykjavík | 83 | 26 | 57 | 83 | – | – |
| Nuddskóli Íslands | 24 | 4 | 20 | – | 24 | – |
| Snyrtiskólinn | 37 | 1 | 36 | 37 | – | – |

Tafla 3. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2010 eftir skólum, kyni og kennsluformi (frh.)
 Table 3. *Regist. students at the upper sec. and tertiary level in autumn 2010 by school, sex and mode of teaching (cont.)*

| | Alls <i>Total</i> | Karlar <i>Males</i> | Konur <i>Females</i> | Dag- skóli <i>Day courses</i> | Kvöld- skóli <i>Evening courses</i> | Fjar- nám <i>Distance learning</i> |
|---|----------------------|------------------------|-------------------------|---|---|--|
| Tannsmiðaskóli Íslands | 3 | 2 | 1 | 3 | – | – |
| Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins | 2.506 | 1.739 | 767 | 1.943 | – | 563 |
| Tónlistarskólar með nám aðallega á framhaldsskólastigi | | | | | | |
| <i>Music schools at upper secondary level</i> | 563 | 200 | 363 | 563 | – | – |
| Allegro, Suzukitónlistarskólinn | 3 | – | 3 | 3 | – | – |
| Nýi tónlistarskólinn | 26 | 3 | 23 | 26 | – | – |
| Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík | 4 | 1 | 3 | 4 | – | – |
| Söngskóli Sigurðar Demetz | 31 | 9 | 22 | 31 | – | – |
| Tónlistarskóli Austur-Héraðs | 8 | 3 | 5 | 8 | – | – |
| Tónlistarskóli Álftaness | 3 | 2 | 1 | 3 | – | – |
| Tónlistarskóli Árnesinga | 23 | 5 | 18 | 23 | – | – |
| Tónlistarskóli Borgarfjarðar | 8 | 2 | 6 | 8 | – | – |
| Tónlistarskóli Dalvíkur | 3 | 2 | 1 | 3 | – | – |
| Tónlistarskóli Eyjafjarðar | 2 | – | 2 | 2 | – | – |
| Tónlistarskóli FÍH | 71 | 52 | 19 | 71 | – | – |
| Tónlistarskóli Garðabæjar | 20 | 7 | 13 | 20 | – | – |
| Tónlistarskóli Grindavíkur | 3 | – | 3 | 3 | – | – |
| Tónlistarskóli Hafnarfjarðar | 25 | 10 | 15 | 25 | – | – |
| Tónlistarskóli Húsavíkur | 7 | 4 | 3 | 7 | – | – |
| Tónlistarskóli Ísafjarðar | 12 | 3 | 9 | 12 | – | – |
| Tónlistarskóli Kópavogs | 35 | 19 | 16 | 35 | – | – |
| Tónlistarskóli Mosfellsbæjar | 14 | 5 | 9 | 14 | – | – |
| Tónlistarskóli Rangárvallasýslu | 6 | 1 | 5 | 6 | – | – |
| Tónlistarskóli Reykjanesbæjar | 11 | 3 | 8 | 11 | – | – |
| Tónlistarskóli Sandgerðisbæjar | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Tónlistarskóli Seltjarnarness | 15 | 6 | 9 | 15 | – | – |
| Tónlistarskóli Seyðisfjarðar | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Tónlistarskóli Siglufjarðar | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Tónlistarskóli Skagafjarðar | 2 | 1 | 1 | 2 | – | – |
| Tónlistarskóli Vestmannaeyja | 7 | – | 7 | 7 | – | – |
| Tónlistarskóli Vestur-Húnavatnssýslu | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Tónlistarskólinn Akranesi | 8 | – | 8 | 8 | – | – |
| Tónlistarskólinn á Akureyri | 23 | 9 | 14 | 23 | – | – |
| Tónlistarskólinn í Grafarvogi | 12 | 3 | 9 | 12 | – | – |
| Tónlistarskólinn í Reykjavík | 90 | 18 | 72 | 90 | – | – |
| Tónlistarskólinn Stykkishólmi | 8 | 3 | 5 | 8 | – | – |
| Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu | 6 | 1 | 5 | 6 | – | – |
| Tónskóli Eddu Borg | 2 | 1 | 1 | 2 | – | – |
| Tónskóli Sigursveins | 58 | 17 | 41 | 58 | – | – |
| Tónskóli Þjóðkirkjunnar | 10 | 5 | 5 | 10 | – | – |
| Tónskólinn Do Re Mi | 3 | 1 | 2 | 3 | – | – |
| Sérskólar með nám aðallega á háskólastigi | | | | | | |
| <i>Specialised schools at tertiary level</i> | 384 | 150 | 234 | 202 | 44 | 138 |
| Flugstoðir | 23 | 18 | 5 | 23 | – | – |
| Hólaskóli | 213 | 63 | 150 | 75 | – | 138 |
| Myndlistaskólinn á Akureyri | 57 | 17 | 40 | 57 | – | – |
| Rafíðnaðarskólinn | 44 | 44 | – | – | 44 | – |
| Söngskólinn í Reykjavík | 47 | 8 | 39 | 47 | – | – |

Tafla 3. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2010 eftir skólum, kyni og kennsluformi (frh.)
 Table 3. Regist. students at the upper sec. and tertiary level in autumn 2010 by school, sex and mode of teaching (cont.)

| | Alls <i>Total</i> | Karlar <i>Males</i> | Konur <i>Females</i> | Dag- skóli <i>Day courses</i> | Kvöld- skóli <i>Evening courses</i> | Fjar- nám <i>Distance learning</i> |
|-------------------------------------|----------------------|------------------------|-------------------------|---|---|--|
| Háskólar <i>Universities</i> | 19.505 | 7.572 | 11.933 | 16.755 | 257 | 2.493 |
| Endurmenntun Háskóla Íslands | 122 | 41 | 81 | 60 | 62 | – |
| Háskóli Íslands | 13.619 | 4.766 | 8.853 | 12.501 | – | 1.118 |
| Háskólinn á Akureyri | 1.483 | 380 | 1.103 | 669 | – | 814 |
| Háskólinn á Bifröst | 554 | 237 | 317 | 360 | – | 194 |
| Háskólinn í Reykjavík | 2.834 | 1.807 | 1.027 | 2.387 | 195 | 252 |
| Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri | 379 | 143 | 236 | 264 | – | 115 |
| Listaháskóli Íslands | 465 | 172 | 293 | 465 | – | – |
| RES Orkuskólinn | 49 | 26 | 23 | 49 | – | – |

Tafla 4. Skráðir nemendur á framhalds- og háskólastigi haustið 2010 eftir stigi, almennu sviði og kyni
 Table 4. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2010 by level, broad field and sex

| | Alls Total | Karlar Males | Konur Females |
|---|---------------|-----------------|------------------|
| Skráðir nemendur alls <i>Total number of students</i> | 47.240 | 20.922 | 26.318 |
| Framhaldsskólastig <i>Upper secondary level</i> | 26.982 | 12.972 | 14.010 |
| Almennt nám <i>General programmes</i> | 18.257 | 8.322 | 9.935 |
| Menntun <i>Education</i> | 154 | 2 | 152 |
| Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i> | 2.280 | 802 | 1.478 |
| Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i> | 339 | 143 | 196 |
| Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i> | 231 | 228 | 3 |
| Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i> | 2.884 | 2.586 | 298 |
| Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i> | 161 | 73 | 88 |
| Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i> | 1.036 | 63 | 973 |
| Þjónusta <i>Services</i> | 1.640 | 753 | 887 |
| Viðbótarstig <i>Post-secondary non-tertiary education</i> | 1.075 | 703 | 372 |
| Almennt nám <i>General programmes</i> | 19 | 6 | 13 |
| Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i> | 92 | 24 | 68 |
| Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i> | 78 | 34 | 44 |
| Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i> | 60 | 32 | 28 |
| Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i> | 489 | 468 | 21 |
| Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i> | 20 | 18 | 2 |
| Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i> | 23 | – | 23 |
| Þjónusta <i>Services</i> | 294 | 121 | 173 |
| Háskólastig <i>First stage of tertiary education</i> | 18.701 | 7.046 | 11.655 |
| Menntun <i>Education</i> | 2.732 | 551 | 2.181 |
| Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i> | 2.767 | 1.012 | 1.755 |
| Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i> | 6.873 | 2.771 | 4.102 |
| Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i> | 1.567 | 994 | 573 |
| Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i> | 1.742 | 1.217 | 525 |
| Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i> | 177 | 62 | 115 |
| Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i> | 2.436 | 320 | 2.116 |
| Þjónusta <i>Services</i> | 407 | 119 | 288 |
| Doktorsstig <i>Second stage of tertiary education</i> | 482 | 201 | 281 |
| Menntun <i>Education</i> | 71 | 19 | 52 |
| Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i> | 71 | 31 | 40 |
| Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i> | 87 | 33 | 54 |
| Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Science, mathematics and computing</i> | 127 | 76 | 51 |
| Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i> | 31 | 16 | 15 |
| Landbúnaður og dýralækningar <i>Agriculture and veterinary</i> | 3 | 1 | 2 |
| Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i> | 88 | 22 | 66 |
| Þjónusta <i>Services</i> | 4 | 3 | 1 |

Skýringar Notes: Nám er flokkað samkvæmt íslensku menntunarflokkuninni ÍSNÁM2008 og alþjóðlegu flokkuninni ISCED97. Programmes are classified according to the Icelandic classification of education ÍSNÁM2008 and the international classification ISCED97.

Tafla 5. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2010 eftir stigi, tegund og sviði
 Table 5. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2010 by level, type and field

| | Alls | Karlar | Konur | Dag- skóli | Kvöld- skóli | Fjar- nám |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|-------------------|----------------------|
| | Total | Males | Females | Day school | Evening school | Distance learning |
| Skráðir nemendur alls <i>Total number of students</i> | 47.240 | 20.922 | 26.318 | 39.600 | 1.180 | 6.460 |
| Framhaldsskólastig <i>Upper secondary level</i> | 26.982 | 12.972 | 14.010 | 22.651 | 801 | 3.530 |
| Almennt bóknám <i>General education 3AG</i> | 13.737 | 6.177 | 7.560 | 12.844 | 290 | 603 |
| Almenn námsbraut | 173 | 92 | 81 | 173 | – | – |
| Félagsfræðibraut til stúdentsprófs | 5.233 | 2.140 | 3.093 | 4.773 | 260 | 200 |
| Frumgreinadeild | 484 | 264 | 220 | 344 | – | 140 |
| Hugvísindabraut til stúdentsprófs | 46 | 6 | 40 | 46 | – | – |
| International Baccalaureate | 86 | 37 | 49 | 86 | – | – |
| Málabraut til stúdentsprófs | 1.146 | 269 | 877 | 1.102 | 11 | 33 |
| Náttúrufræðibraut til stúdentsprófs | 5.294 | 2.686 | 2.608 | 5.124 | 14 | 156 |
| Upplýsinga- og tæknibraut til stúdentsprófs | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum | 188 | 86 | 102 | 155 | 4 | 29 |
| Viðskipta- og hagfræðibraut til stúdentsprófs | 1.086 | 596 | 490 | 1.040 | 1 | 45 |
| Almennt bóknám <i>General education 3CG</i> | 4.201 | 1.931 | 2.270 | 1.966 | 163 | 2.072 |
| Almenn námsbraut | 4.162 | 1.909 | 2.253 | 1.927 | 163 | 2.072 |
| Ferðamál | 20 | 7 | 13 | 20 | – | – |
| Löggæslu- og björgunarstörf | 19 | 15 | 4 | 19 | – | – |
| For-starfsnám <i>Pre-vocational programmes 3BP</i> | 688 | 198 | 490 | 688 | – | – |
| Hljóðfæraleikur | 448 | 176 | 272 | 448 | – | – |
| Listdans | 130 | 4 | 126 | 130 | – | – |
| Söngur | 110 | 18 | 92 | 110 | – | – |
| For-starfsnám <i>Pre-vocational programmes 3CP</i> | 358 | 236 | 122 | 358 | – | – |
| Starfsbraut | 358 | 236 | 122 | 358 | – | – |
| Starfsnám <i>Vocational programmes 3AV</i> | 45 | 19 | 26 | 45 | – | – |
| Myndlist | 45 | 19 | 26 | 45 | – | – |
| Starfsnám <i>Vocational programmes 3CV</i> | 7.953 | 4.411 | 3.542 | 6.750 | 348 | 855 |
| Bakaraiðn | 7 | 5 | 2 | 7 | – | – |
| Bifreiðasmíði | 32 | 32 | – | 23 | – | 9 |
| Bifvélavirkjun | 140 | 132 | 8 | 131 | – | 9 |
| Bílamálun | 31 | 28 | 3 | 27 | – | 4 |
| Bíliðnir grunnám | 130 | 122 | 8 | 128 | – | 2 |
| Blikksmíði | 3 | 2 | 1 | 3 | – | – |
| Blómaskreytingar | 10 | – | 10 | 7 | – | 3 |
| Bókasafnstækni | 7 | – | 7 | – | – | 7 |
| Búfræði | 81 | 47 | 34 | 55 | – | 26 |
| Bygginga- og mannvirkjagreinar grunnám | 173 | 165 | 8 | 169 | 4 | – |
| Fatataekni | 101 | 3 | 98 | 101 | – | – |
| Félagsliðabraut | 200 | 14 | 186 | 54 | 88 | 58 |
| Fiskvinnsla | 2 | 1 | 1 | 2 | – | – |
| Fjölmiðlatækni | 76 | 57 | 19 | 76 | – | – |
| Flugliðabraut | 54 | 2 | 52 | 53 | – | 1 |
| Flugstjórn | 31 | 28 | 3 | 20 | – | 11 |
| Flugumferðarstjórn | 34 | 22 | 12 | – | – | 34 |
| Fótaaðgerðafræði | 5 | – | 5 | 5 | – | – |
| Framreiðsla | 13 | 6 | 7 | 13 | – | – |
| Garðplöntufræði | 32 | 8 | 24 | 24 | – | 8 |
| Gull- og silfursmíði | 29 | 9 | 20 | 28 | – | 1 |
| Handiðabraut | 76 | 3 | 73 | 72 | 4 | – |
| Hársnyrtiðn | 226 | 18 | 208 | 225 | – | 1 |
| Heilsumeistarafæði | 51 | 2 | 49 | 51 | – | – |

Tafla 5. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2010 eftir stigi, tegund og sviði (frh.)
 Table 5. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2010 by level, type and field (cont.)

| | Alls | Karlar | Konur | Dag- skóli | Kvöld- skóli | Fjar- nám |
|---|--------------|--------------|----------------|-----------------------|---------------------------|------------------------------|
| | <i>Total</i> | <i>Males</i> | <i>Females</i> | <i>Day school</i> | <i>Evening school</i> | <i>Distance learning</i> |
| Hjúkrunar- og móttökuritarar | 44 | – | 44 | 20 | – | 24 |
| Hljóðtækni | 16 | 12 | 4 | 16 | – | – |
| Hrossabraut | 24 | 4 | 20 | 24 | – | – |
| Húsasmíði | 354 | 347 | 7 | 293 | 26 | 35 |
| Húsgagnasmíði | 43 | 32 | 11 | 38 | – | 5 |
| Hússtjórn | 47 | 1 | 46 | 47 | – | – |
| Íþróttá- og lýðheilsabraut | 8 | 4 | 4 | 8 | – | – |
| Íþróttabraut starfsnám | 442 | 277 | 165 | 350 | – | 92 |
| Kjólasaumur | 14 | – | 14 | 14 | – | – |
| Kjötiðn | 16 | 11 | 5 | 13 | – | 3 |
| Klæðskurður | 9 | – | 9 | 9 | – | – |
| Kvikmyndagerð | 144 | 94 | 50 | 144 | – | – |
| Leiðbeinendur í leikskólum | 128 | 2 | 126 | 69 | 44 | 15 |
| Listir - breiðar námsleiðir | 1.060 | 326 | 734 | 1.015 | 3 | 42 |
| Ljósmyndun | 12 | 5 | 7 | 12 | – | – |
| Lyfjatekni | 70 | 1 | 69 | 46 | – | 24 |
| Matartækni | 17 | 3 | 14 | 17 | – | – |
| Matreiðsla | 38 | 31 | 7 | 38 | – | – |
| Matsveinanám | 25 | 15 | 10 | 25 | – | – |
| Matvælagreinar grunnnám | 174 | 122 | 52 | 137 | – | 37 |
| Málaraiðn | 33 | 32 | 1 | 28 | – | 5 |
| Málmiðnir grunnnám | 345 | 331 | 14 | 335 | 7 | 3 |
| Múraraíðn | 19 | 19 | – | 19 | – | – |
| Netagerð | 6 | 6 | – | 6 | – | – |
| Nudd | 128 | 29 | 99 | 81 | 24 | 23 |
| Pípulagnir | 62 | 61 | 1 | 62 | – | – |
| Prentsmíð/grafísk miðlun | 21 | 9 | 12 | 21 | – | – |
| Prentun | 3 | 3 | – | 3 | – | – |
| Rafeindavirkjun | 42 | 41 | 1 | 42 | – | – |
| Rafiðnir, grunnnám | 517 | 498 | 19 | 475 | 20 | 22 |
| Rafveituvirkjun | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Rafvirkjun | 233 | 228 | 5 | 182 | 40 | 11 |
| Rennismíði | 12 | 12 | – | 11 | – | 1 |
| Sjúkraliðanám | 543 | 15 | 528 | 425 | 69 | 49 |
| Skipstjórn | 201 | 195 | 6 | 93 | – | 108 |
| Skógrækt | 7 | 3 | 4 | 5 | – | 2 |
| Skrifstofubraut | 76 | 7 | 69 | 76 | – | – |
| Skrúðgarðyrkja | 17 | 11 | 6 | 5 | – | 12 |
| Snyrtifræði | 202 | 2 | 200 | 196 | 6 | – |
| Stálskipasmíði | 4 | 4 | – | 2 | – | 2 |
| Stálsmiði | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Stuðningsfulltrúar í grunnskólum | 25 | – | 25 | 7 | 9 | 9 |
| Tannsmíði | 3 | 2 | 1 | 3 | – | – |
| Tanntæknabraut | 36 | – | 36 | 27 | – | 9 |
| Tréskipasmíði | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Tækniteiknun | 118 | 47 | 71 | 108 | – | 10 |
| Tölvufræðibraut | 231 | 228 | 3 | 231 | – | – |
| Uppeldis- og félagsstarf | 13 | 2 | 11 | – | – | 13 |
| Uppeldisbraut (námskrá 1999) | 1 | – | 1 | 1 | – | – |
| Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, grunnnám | 240 | 126 | 114 | 196 | – | 44 |

Tafla 5. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2010 eftir stigi, tegund og sviði (frh.)
 Table 5. Registered students at the upper secondary and tertiary level in autumn 2010 by level, type and field (cont.)

| | Alls | Karlar | Konur | Dag- skóli | Kvöld- skóli | Fjar- nám |
|---|--------------|--------------|----------------|-----------------------|---------------------------|------------------------------|
| | <i>Total</i> | <i>Males</i> | <i>Females</i> | <i>Day school</i> | <i>Evening school</i> | <i>Distance learning</i> |
| Útstillingabraut | 12 | 1 | 11 | 12 | – | – |
| Verslunarnám | 1 | – | 1 | 1 | – | – |
| Verslunarstjórnun | 17 | 5 | 12 | 16 | – | 1 |
| Vélstjórn | 376 | 366 | 10 | 323 | – | 53 |
| Vélvirkjun/vélsmiði | 59 | 58 | 1 | 57 | 2 | – |
| Viðskipta- og fjármálabraut | 16 | 9 | 7 | – | – | 16 |
| Viðskiptabraut | 102 | 65 | 37 | 89 | 2 | 11 |
| Viðbótarstig Post-secondary non-tertiary education | 1.075 | 703 | 372 | 318 | 122 | 635 |
| Starfsnám Vocational programmes 4CV | 1.075 | 703 | 372 | 318 | 122 | 635 |
| Bifreiðasmíði | 3 | 2 | 1 | – | – | 3 |
| Bifvélavirkjun | 14 | 14 | – | 2 | – | 12 |
| Bílamálun | 4 | 4 | – | – | – | 4 |
| Blikksmiði | 5 | 5 | – | – | – | 5 |
| Byggingariðnfræði | 73 | 68 | 5 | – | – | 73 |
| Ferðamál | 91 | 23 | 68 | 5 | – | 86 |
| Fiskeldi | 13 | 12 | 1 | 1 | – | 12 |
| Flugfjarskipti | 4 | 2 | 2 | 4 | – | – |
| Flugumferðarstjórn | 29 | 20 | 9 | 29 | – | – |
| Flugvélavirkjun | 1 | 1 | – | – | – | 1 |
| Gull- og silfursmiði | 4 | 4 | – | – | – | 4 |
| Hársnyrtiðn | 26 | – | 26 | 1 | 2 | 23 |
| Hótel- og þjónustubraut | 9 | 5 | 4 | 9 | – | – |
| Húsasmíði | 72 | 71 | 1 | 13 | 1 | 58 |
| Húsgagnasmíði | 2 | – | 2 | – | – | 2 |
| Kjólasmur | 2 | – | 2 | – | 1 | 1 |
| Kjötiðn | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Klæðskurður | 2 | – | 2 | – | – | 2 |
| Leiðsögunám | 87 | 40 | 47 | – | 68 | 19 |
